



# Hafið er opið

á laugardögum kl. 11-15

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13  
Sími 554 7200 | við erum á [facebook](#)



22. MARS 2014 • 11. tölublað 5. árgangur

# REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra ásamt Stefan Füle, stækkunarstjóra ESB, þegar tilkynnt var að Íslendingar myndu draga umsókn sína um aðild að sambandinu til baka. Evrópustefna stjórnvalda var kynnt í skyndi eftir að þingsályktunartillaga um formleg viðræðuslit var kynnt. Mynd: ESB.

## Hafa ekki metið kostnað vegna Evrópustefnunnar

Til stendur að vinna tillögur um kostnað vegna nýrrar Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar samhliða fjárlögum næsta árs. Vinna við þetta er að hefjast, samkvæmt svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Reykjavíkur

vikublaðs. Í stefnunni er gert ráð fyrir fjölmörgum verkefnum sem vinna á í ár, auk þess sem gert er ráð fyrir að ráðherrar sækji „alla þá óformlegu ráðherrafrundi ESB“ sem þeim verður boðið til, til þess að fjalla um hagsmunamál Íslands. Enn fremur er

gert ráð fyrir því að aukinn kraftur verði settur í þýðingar vegna EES samningsins. Kostnaður við það hefur heldur ekki verið metinn, en hann hefur numið hundruðum milljóna króna á ári.

Mikið var skorið niður í utanríkisþjónustunni í fjárlögum ársins. Þannig var mikið skorið niður í þróunarsamvinnu, auk þess sem samþykkt var 5 prósentu hagræðingarkrafa í öllum ráðuneytum rétt fyrir jól, en henni hefur meðal annars verið mætt með uppsögnum. Sjá bls. 2.

# Josera.

super premium  
gæludýrafóður

fæst nú hjá

**BYKO** Breidd  
**BYKO** Granda



### Dýralæknirinn í hjarta Reykjavíkur!

Í okkar augum er dýrið þitt einstakt!

Dýralækingastofa  
Helgu Finnsdóttur

Skipasundi 15

Sérgræin: Sjúkdómar hunda og katta

Sími 553 7107 • [www.dyralaeknir.com](http://www.dyralaeknir.com)



## Fermingar tilboð

Svæðisskipt heilsudýna **VALHÖLL** (eldri gerð)

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun. Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Tilboðsverð kr. 69.900.-**

140x200 cm **Tilboðsverð kr. 79.900.-**

Ath. takmarkað magn

**GJÖF FYLGIR**

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingar-rúmum í ár

**GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ**

**12** mán.

vaxtalaugar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Vandyck sængurverasett

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)



## Stefna að byggingu fimleikahúss á Seltjarnarnesi

Vilji meirihlutans í borgarstjórn er að gefa börnum og ungmennum möguleika til að taka þátt í uppbyggilegu tómstundastarfi. Með það í huga teljum við að gott samstarf milli nærliggjandi sveitarfélaga sé mjög mikilvæg,“ segir Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi Besta flokksins í borgarstjórn.

Um 350 reykvisk börn stunda fimleika hjá Fimleikadeild Gróttu úti á Seltjarnarnesi. Aðstaðan þar þykir of þröng og hafa verið uppi hugmyndir um að byggja við fimleikahús þar á nesinu. Viðræður milli bæjaryfirvalda á Seltjarnarnesi og Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur eru hafnar um málið.

„Nú stunda fjölmörg börn og ungmenni frá öðrum sveitafélögum íþróttir og aðrar tómstundir í Reykjavík og það hefur bara gengið vel. Kostnaður sem fer í mannvirki getur verið gífurlegur og rekstrarkostnaður sem fylgir og því mikilvægt að sveitafélögin gangi aðeins í takt og það getur verið hagur fyrir alla,“ segir Eva í samtali við Reykjavík vikublað. Of



Eva Einarsdóttir

snemmt sé að ræða um kostnaðinn en það sé í höndum Seltjarnarnesbæjar að skoða allt sem snúi að sjálfri uppbyggingunni. Hlutur Reykjavíkurborgar af þessum framkvæmdum og rekstri, verði kannaður þegar frekari upplýsingar liggi fyrir.

Eva segir að næstu skref í málinu verði að „komast að einhverju samkomulagi sem Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg geta unnið vel við.“

Frístundastyrki frá Reykjavíkurborg er hægt að nota utan höfuðborgarinnar.

## Ófjármögnuð Evrópustefna

Áætlanir um hvernig mæta megi kostnaði við nýja Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar liggja ekki fyrir, en til stendur að vinna þær samhliða fjárlögum næsta árs. Vinna við hvernig mæta megi tillögnum er að hefjast, samkvæmt svari uttanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Reykjavíkur vikublaðs.

Evrópastefnan var lögð fram nýlega og hefur sætt gagnrýni. Þar er meðal annars fjallað um aukna hagsmunagæslu Íslendinga vegna samskipta við ríki Evrópu, aukna hagsmunagæslu vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið auk þess að hraða innleiðingu gerða frá ESB í íslenskan rétt.

### Aukakostanaður í niðurskurði

Ljóst er að nokkur kostnaður sem ekki hefur verið gert ráð fyrir mun koma til vegna stefnunnar, en mikið var skorð niður hjá uttanríkisráðuneytinu í fjárlögum ársins. Þannig var stórlega dregið úr framlögum til próunarsamvinnu, svo dæmi sé tekið, auk þess sem öll ráðuneyti fengu til viðbótar 5 prósentu niðurskurðarkröfu sem koma á niður á æstu stjórnarsýslu.

### Fundir og ferðalög

Í Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar á að vinna mat á hagsmunum Íslands af EES samningnum og ljúka því í haust, setja á



Gunnar Bragi Sveinsson

fót sérstakan stýrihóp um framkvæmd samningsins auk samstarfshóps milli stjórnvalda og aðila á vinnumarkaði, koma á reglubundnum fundum EES ráðherra Íslands og annarra ríkja, auk þess sem til stendur að „ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sækja alla þá óformlegu ráðherrafundi ESB sem þeim er boðið til með það að sérstöku markmiði að fjalla um þau sérstöku hagsmunamál Íslands sem greind hafa verið á frumstigum löggjafarvinnu ESB“, segir í stefnunni. „Að svo miklu leyti sem um verður að ræða fundarsókn embættismanna og ráðherra á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að þeim kostnaði sé mætt af fjárheimildum ársins,“ segir í svari uttanríkisráðuneytisins.

### Átak í innleiðingu

Mikilvægur þáttur í Evrópustefnunni er jafnframt að gera átak í að greina

löggjöf á vettvangi EES og á þessu ári stendur til að hraða upptöku EES gerða þannig að eigi síðar en snemma á næsta ári „verði innleiðingarhalli EES gerða orðinn undir 1%. Á sama tíma verði ekkert dómstól fyrir EFTA dómstólum vegna skorts á innleiðingu EES gerða.“

Reykjavík vikublað spurði í framhaldi af þessu hvort til stæði að efla þýðingarmiðstöð uttanríkisráðuneytisins eða með öðrum hætti setja aukinn kraft í slíkar þýðingar. Einnig var spurt hvort kostnaður við það hefði verið metinn.

### Aukinn þýðingakostnaður

Uttanríkisráðuneytið segir í svari sínu að mikilvægt sé að afkastageta þýðingarmiðstöðvarinnar á hverju tíma sé næg til að þýða jafn óðum alla nýja EES löggjöf „svo ekki komi til seinkana sem koma niður á atvinnulífi og almenningi.“ Fjárheimildir til miðstöðvarinnar hafi verið auknar árið 2009 í tengslum við aðildarviðræður við ESB og til að vinna upp innleiðingarhallann. „Og árið 2012 var búið að vinna upp þann halla,“ segir ráðuneytið. Það ár hafi kostnaður við miðstöðina numið 546 milljónum króna. „Áætlað er að kostnaður við þýðingar verði helmingi lægri árið 2014. Gert er ráð fyrir [að] umfang þýðinga muni aukast og er ljóst að koma þarf til móts við það.“

## LÍÚ ætti að fylgjast með

Ég held að LÍÚ ætti að fylgjast vel með því hvað er að gerast, ekki bara í súrnun heldur almennt í umhverfismálum við landið,“ segir Jón Ólafsson haffræðingur í ítarlegu viðtali við Reykjavík vikublað. „Það er mjög mikilvægt að fylgjast með ástandi sjávar, hita, seltu, súrnun o. s. frv. Það eru

mörg dæmi um það hvernig umhverfið hefur áhrif á fiskistofna, t. d. norðurlandssildin sem hvarf á hafísárunum. En það er niðurskurður, það er verið að draga úr rannsóknum, og þá er alltaf hætt við því að niðurskurður bitni á svona verkefnum. Rannsóknir þyrfti að efla frekar en hitt.“ *Sjá viðtal bls. 14.*

## Gengur þvert á almannarétt

Landeigendur eiga ekki að geta takmarkað umferð almennings um íslenska náttúru,“ segir Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, en hann er meðal þátttakenda í Hringborði vikunnar. Þar er rætt frá ýmsum hliðum um gjaldtöku landeigenda á náttúrustöðum, deilur

landeigendafélags Geysis við íslenska ríkið, hugmyndir um náttúrupassa og fleira. Nokkuð hefur verið fjallað um þessi mál upp á síðkastið og í vikunni var sérstök umræða um málið á Alþingi að frumkvæði Katrína Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna. *Sjá bls. 8.*

## Víðarr veitir góðgerðarstyrki

Lionsklúbburinn Víðarr veitir þessa dagana yfir 2,2 milljónir króna til líknar- og góðgerðarmála. Klúbburinn hefur á undanförunum fimmtán árum veitt yfir 30 milljónir króna í slíka styrki.

Klúbburinn styrkir í ár Skaftholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem er heimili fyrir fatlaða, Íþróttasamband fatlaðra, Kvænnaathvarfið, Hjartaheill, Spörvar, sem rekur áfangenheimili fyrir ungt fólk sem glímt hefur við áfengis- og vímuefnavanda, Einhverfusam-



Guðmundur Bjarnason frá Lionsklúbbnum afhendir Sigprúði Guðmundsdóttur frá Kvænnaathvarfinu styrkinn.

tökin, Fíkniefnagæðsvið Landspítalans, Lífssýn og Lionsklúbbinn Eik, til að styðja við útgáfu bókar til grunnskólakarna um brunavarnir heimila.

## Sex vissu um minnisblaðið

Sex starfsmenn í innanríkisráðuneytinu höfðu vitneskju um og aðgang að minnisblaði um hælisleitanda, sem lekið var til fjölmiðla í nóvember í fyrra. Samkvæmt heimildum Reykjavíkur vikublaðs er um að ræða

þrjú embættismenn, ráðherrann og tvo pólitíska aðstoðarmenn. Fram kom í tilkynningu frá ráðuneytinu í nóvember að ekkert benti til þess að embættismenn hefðu látið frá sér gögn úr ráðuneytinu. *Sjá bls. 6.*

## Frítt í sund í verkfalli

Borgarfulltrúar allra flokka samþykktu í borgarráði í vikunni að framhaldsskólakennarar fái frítt í sund

og inn á listasöfn borgarinnar, meðan á verkfalli framhaldsskólakennara stendur.

## Hönnunarsamkeppni um nýtt hús

Borgarráð samþykkti í vikunni að auglýsa lóðina að Tryggvagötu 13, við hlið Borgarbókasafnsins til sölu. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að í því felist að byggt verði við safnið. Áskilið sé að efnt verði til hönnunarsamkeppni um útlit nýs húss á svæðinu. Myndin sýnir mögulegt framtíðarútlit Tryggvagötunnar.



## Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is  
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

## Skugga-Baldur gefinn út í Kína

Skugga-Baldur, skáldsaga Sjóns, hefur verið gefin út í Kína og hlotið prýðilegar viðtökur. Sjón var á bókmenntahátíð í Peking í vikunni og tók þar meðal annars þátt í hringborðsumræðum þar sem um 80 manns voru viðstaddir.

Skugga-Baldur kom fyrst út árið 2003 og hlaut góðar viðtökur, og hlaut Sjón í kjölfarið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005. Bókin hefur verið tilnefnd til ýmissa alþjóðlegra verðlauna annarra, en hún hefur þegar komið út á yfir tuttugu erlendum tungumálum.







**Ómóttæðilega gott...**



## LEIÐARI



## Baráttan um landið

Eitt stærsta mál okkar tíma er í gangi þessa dagana. Málið er reyndar ekki alveg nýtt af nálinni. Baráttan hefur staðið árum saman. Ég er ekki að tala um Evrópusambandið og tengsl Íslands við það. Þetta er baráttan um landið.

Mikil umræða hefur verið um auðlindirnar, orkuna í vötnunum, jarðhitann og fiskinn í sjónum. En þangað til nýlega hefur ekki verið fjallað mikið um auðlindina sem er sjálft landið okkar.

Nú hafa ýmsir slegið eign sinni á ákveðin svæði og hyggjast virða að vettugi aldagamlan almennarétt. Að fólk fari frjálst ferða sinna um landið sitt. Landeigendur hafa sumir þegar byrjað að innheimta gjald af þeim sem fara um land. Kerfið í Grímsnesi er dæmi um slíkt. Sama á nú við um jarðhitasvæðið í Haukadal. Eins hefur Landeigendafélag Reykjahlíðar uppi áform um að rukka inn á svæði á landi félagsins, eins og við Dettifoss en þó á félagið ekki fossinn. Þetta segiast landeigendurnir gera í nafni náttúruverndar.

Nú efast varla nokkur maður um að bregðast verður við ágangi á náttúruna, og sömuleiðis skiptir miklu máli að ferðafólki, innlendu sem erlendu, sé boðin viðunandi aðstaða við fjölsóttu ferðamannastaði, svo sem eins og klósett.

En það er fljótlegt að reikna það út að við Geysi, þar sem hundruð þúsunda koma ár hvert, að 600 króna aðgangseyrir er fljótur að verða að milljörðum. Hvað færðu mörg klósett fyrir það? Er það hugmynd landeigendafélagsins þar að verja öllu þessu fé í uppbyggingu og náttúruvernd? Tæplega. Væntanlega eru þeir að þessu til þess að græða. Það blasir við að sama hugsun er í hausum margra annarra landeigenda sem hugsa sér gott til glóðarinnar.

Finna þarf leiðir til þess að hlífa náttúrunni við of miklum ágangi og byggja upp viðeigandi aðstöðu fyrir ferðamenn. Leiðin til þess er ekki að búa til milljónamæringa úr einhverjum örfáum sálum. Við eigum landið í sameiningu. Það má aldrei fóna almennaréttinum. Annars getum við bara pakkað saman og farið.

Ingimar Karl Helgason

# Rafbílavæðing

- gegn hávaða, loftmengun sem veldur lungnakrabba og er efnahagslega jákvæð

Í Evrópusambandinu hafa nú verið samþykktar reglur um að minnka skuli notkun jarðefnaeldsneytis og auka notkun lífefnaeldsneytis á bílaflotann. Eðlilega þarf að rækta lífefnaeldsneyti með einhverjum hætti og kom nýverið í ljós að ekki væru nægar býflugur til þess að standa undir þessum áformum. Það er yfirleitt betra að rannsaka fyrst og framkvæma svo! Þessar reglur þýða það að Ísland þarf líka að auka notkun lífefnaeldsneytis og í okkar tilviki þurfum við að flytja það inn fyrir dýrmætan gjaldeyri, en jarðefnaeldsneytið nú er ódýrara en lífefnaeldsneyti. Á Íslandi er hins vegar mikil innlend orka og við getum hæglega rafvætt bílaflota landsins ef vilji er fyrir því hjá stjórnvöldum á öllum stigum. Með því að nota innlenda orku eins



Höfundur er Vilborg G. Hansen, landfræðingur, og ritstjóri á Umhverfisfréttir.is

og rafmagn værum við að slá margar flugur í einu höggi. Rafbílar eru svo til hljóðlausir og hávaðamengun væri svo gott sem úr sögunni og óþarft að fara í dýrar framkvæmdir vegna þess.

## REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

11. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími: 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarbláðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarbláðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. Dreifing: Póst dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM  
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

## Ummæli með erindi:

En fyrr en vitneskja um þetta liggur fyrir, er valið og hafnað í algærra blindni. Enginn lýðræðisflokkur má gerast sekur í þessu mikla máli um að velja í blindni. Og geri flokkur það að alvöru sinni að biða ekki frekari upplýsinga, þá á hann á hættu að torvelða eða jafnvel eyðileggja málstað þjóðarinnar í þessu mikla velferðarmáli hennar, auk þess sem hann

náttúrlega sjálfur leggst undir rökstuddan grun um, að það séu annarleg sjónarmið, sem ráða aðgerðum hans í þessu mikla máli.

- Ólafur Thors í umræðum um Efnahagsbandalagsmálið á Alþingi 1963.



## HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

### Spurt er um ár

Sagan endurtekur sig. Árni Sigfússon malar prófkjör í Reykjanesbæ, stóriðjan flykkist í bæinn rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar og iðnaðarráðherra telur næsta víst að álver í Helguvík sé handan við hornið. Atvinnusköpun á Reykjanesinu hefur annars verið blómleg, en bara í fjölmiðlum. Nefna mætti stálpípuverksmiðju, magnesíumverksmiðju, álver, einkaherflugvöll, netþjónabú og túristasjúkrahús. En fyrst spurt er um ár má einnig nefna hugmyndir um að leggja niður Íbúðalánasjóð, og svo er Ögmundi Jónassyni vitaskuld legið á hálsi fyrir að standa ekki með flokki sínum.




### Fílabeinsturninn

Fólk vill gjarnan að hægt sé að ná í sig, þegar aðrir eiga við það erindi. Þess vegna skráir fólk sig í símaskrá og til þess eru skiptiborð fyrirtækjanna að koma fólk í samband. Og yfirleitt er það svo með blaðamenn, að þeir vilja láta ná í sig. Þetta er þó ekki tilfellið með aðalritstjóra 365 miðla. Þegar hringt er á skiptiborð fyrirtækisins og óskað eftir sambandi við ritstjórnann er svarið ávallt „nei“ en stundum er fólk þó boðin sú sárabót að ræða við undirmann hans Ólaf Stephensen.



### Batnandi best að lifa

Jón Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og þingmaður er orðinn ritstjóri hjá Heimssýn auk þess að sinna þar varaformennsku. Stjórnmalaferril Jóns hófst með prófkjöri hjá Samfylkingunni árið 1999, en hann hafði ekki erindi sem erfiði og skipti um flokk og komst til metorða í VG. Samfylkingin berst fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu. Sama gerði Framsóknarflokkurinn fyrir kosningarnar 2009, en formaður Heimssýnar kemur einmitt úr þeim röðum. Heimssýn eru samtök sem hafa notað hugtakið „landráð“ um fólk sem hefur aðrar skoðanir. Líklega telja samtökin batnandi fólk best að lifa.



### Pass á passann

Ragnheiður Elín Árnadóttir berst fyrir náttúrupassanum og vill eyrnamerkja fé til þess að stuðla að náttúruvernd á einstökum ferðamannastöðum. Sitt sýnist hverjum, en þegar verið var að skera niður rannsóknarsjóði (og raunar flest annað) við fjárlagagerðina þá lýsti Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, því yfir eins oft og hann hafði tækifæri til að ekki ætti að ráðstafa skatttekjum fyrirfram eða eyrnamerkja tekjur hins opinbera. Hann mun því líklega seint samþykkja þetta baráttumál flokksysturinnar.



Við þyrftum heldur ekki að kaupa dýrt lífefnaeldsneyti til landsins fyrir okkar dýrmæta gjaldeyri sem við eigum af skornum skammti þar sem rafmagn er innlend framleiðsla. Við værum einnig að leggja mikið til loftslagsmála.

Í Evrópusambandinu hafa verið sett lög um loftmengun vegna útblásturs bíla og loftmengun hefur nú verið flokkuð af World Health Organization (WHO) í sama flokk og reykingar, því svo hættulegur er útblásturinn með tilliti til lungnakrabbameins. Nýverið hóf Evrópusambandið málaferli á hendur Bretum vegna þess að þeir ná ekki markmiðum nýrra laga um loftmengun fyrir tilsettan tíma. Raunar eru mörg fleiri lönd í Evrópu sem ekki

ná þessum tímamörkum. Krabbamein er almennt mjög dýr sjúkdómur fyrir öll ríki og því mikilvægt að stöðva allt það sem honum veldur. Við erum það sem við borðum og öndum að okkur og umhverfismál eru alltaf efnahagsmál + heilbrigðismál = umhverfismál. Á Íslandi er þetta auðvelt, því með því að rafbílavæða flotann er loftmengun sem þessi svo til úr sögunni.

Vandamálið er helst það að borgar- og bæjaryfirvöld um allt land þurfa að hugsa það og skipuleggja hvernig þeir ætla að gera fólk kleift að hlaða bílana sína heimavið eða nálægt heimilum sínum. Það þarf að byggja upp innviðina og það er hlutverk stjórnkerfisins. Þetta er áskorun í átt til nýrra tíma.

## Í FRÉTTUM

### Útsölulist

Tónlistarmenn eru komnir í hart við Borgarleikhúsið vegna ágreinings um laun fyrir spilamennsku í Mary Poppins. Dansarar hjá Íslenska dansflokknum voru líka óánægðir með kjör sín í söngleiknum vinsæla og greindu bæði frá því að vinnuálagið væri of mikið, samhliða öðrum störfum, auk þess sem greiðslur hefðu verið of lágar.

### Kanadadollarinn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flaug fritt á fyrsta farrými með Icelandair til Edmonton Kanada og þáði gistingu af félaginu. Nú er komið á daginn að ferðin var liður í kynningarherferð flugfélagsins. Aðstoðarmaður hans segir að þetta brjóti ekki gegn siðareglum ráðherra því föruneitið hafi hitt embættismenn. Hins vegar blasir við að framferði ráðherrans potar í siðvitund alls almennings sem er eðlilega hugsuð yfir því að forsætisráðherrann þiggi lúxus hjá einkafyrirtækjum og taki þátt í auglýsingastarfi þeirra. Svo hljóta hinir háu herrar væntanlega að gefa ítarlegar skýrslur um þær mikilvægu viðræður í Kanada sem kölluðu ekki aðeins á sjálfan forsætisráðherra heldur tvo aðstoðarmenn.



### Mánaðarlaun milli vina?

Sá sem flaug með Icelandair til Edmonton á fimmtudag og heim á föstudag hefði þurft að greiða um 230 þúsund fyrir ferðina – á almennum farrými hefði hann pantað daginn áður. Ef farið hefði verið á Saga Class þá hefði miðinn kostað 365 þúsund – á mann. Þetta er mun meira en framhaldsskólakennari fær útborgað fyrir mánaðar vinnu. Í föruneiti Sigmundar Davíðs voru auk hans eiginkona og tveir pólitískir aðstoðarmenn. Hafi Icelandair boðið öllu föruneytinu er ljóst að greiðinn slagar hátt í árstekjur ellilífeyrisþega.



### Júró, pítsa og kók

Myndband við framlag Íslands í Eurovision var sýnt um síðustu helgi. Fólk varð vart við það á samfélagsmiðlum að Dominos pizzur og Coca Cola eignuðu sér framtakið. Það vekur athygli. Í fyrsta lagi má spyrja hvort þessi myndbandagerð sé ekki í verkahring Ríkisútvarpsins, fremur en matvæla- og gosdrykkjaframleiðenda. Í öðru lagi má spyrja hversu gæfulegt það sé að fyrirmyndir leik- og grunnskólubarna, sem Pollapönkið sannarlega er, haldi skyndibita og kókdrykku að börnum.

# REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ

Auglýsingasíminn er 578 1190  
Netfang: auglysingar@fotspor.is



LANGTÍMALEIGA **AVIS**



# 0 KR. ÚTBORGUN

## Losnaðu við vesenið með langtímaleigu AVIS

Langtímaleiga AVIS er þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða. Í langtímaleigu fæst nýr eða nýlegur bíll, engin útborgun, tryggingar innifaldar, engin endursöluáhætta og ekkert vesen við dekkjaskipti, olíuskipti eða smáviðhald.



AVIS bílaleiga sími 591 4000 - [avis.is](http://avis.is)

**AVIS**<sup>®</sup>



## FRÉTTASKÝRING

atli@thorfanndal.com



Atli Þór Fanndal

# Örfáir höfðu skjalið

Aðeins örfáir höfðu séð óformlegt minnisblað varðandi Tony Omos, hælisleitanda frá Nígíeríu, þegar því var lekið til valinna fjölmiðla 19. nóvember í fyrra. Morgunblaðið og 365 miðlar unnu frétt úr skjalinu sem birtar voru að morgni dags 20. nóvember, sama dag og skipulögð höfðu verið mótmæli til stuðnings Tony Omos. Skjalið sem endaði hjá fjölmiðlum átti sér ekki málsnúmer í kerfi ráðuneytisins þegar því var lekið. Örfáum dögum eftir að lekin átti sér stað var nánast samskonar skjal skráð í kerfi innanríkisráðuneytisins. Undantekningin er þó sú að málgrein hafði verið bætt við neðst í þá útgáfu skjalsins sem lekið var til fjölmiðla. Þar var ýjað að því að Tony Omos beitti Evelyn, sem þá átti von á barni, þrýstingi um að hún nefndi hann barnsföður sinn.

## Ekki embættismenn

„Vegna umræðu um að upplýsingar er varða mál einstaka hælisleitanda hafi með einhverjum hætti borist fjölmiðlum vill ráðuneytið taka fram að ekkert bendir til þess að slík gögn hafi verið afhent frá embættismönnum innanríkisráðuneytisins,“ segir í tilkynningu innanríkisráðuneytisins vegna lekamálsins 22. nóvember síðastliðinn. Tilkynningin er send skömmu eftir að fréttir af lekamálinu birtust í fjölmiðlum en rannsókn ráðuneytisins hafði þá ekki farið fram. Tilkynningin skal því skoðast í því ljósi en undarlegt er að ráðuneytið hafi fullrytt með svo afgerandi hætti að enginn embættismaður hafi lekið skjalinu án nokkurrar vitneskju þar um. „Ég er með algerlega hreina samvisku í þessu máli, hef ekki brotið af mér,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra á Alþingi um miðjan febrúar. Alvarlegt er ef ráðherra gefur Alþingi rangar upplýsingar en sama á við um tilkynningar ráðuneytisins. Sé gengið út frá því að ráðherra og ráðuneytið sjálf teljist til traustra heimilda er ljóst að hringurinn hefur þrengst til muna.

Átti í samskiptum við fjölmiðla

DV greindi frá samskiptum Þóreyjar Vilhjálmisdóttur, aðstoðarkonu innanríkisráðherra, við fjölmiðla vegna Tony Omos daginn áður en fréttirnar birtust. Þann 30. janúar segir á vef DV: „Samkvæmt heimildum DV úr þremur mismunandi áttum – innan úr ráðuneytinu, af fréttastofu 365 og úr Hádegismóum – átti Þórey samtöl við fréttamann um málefni hælisleit-

endanna tveggja þann 19. nóvember, daginn áður en upplýsingar úr minnisblaðinu um Tony Omos birtust í Fréttablaðinu og á vef Morgunblaðsins. Þann dag svaraði hún ekki fyrirspurn sem DV sendi henni um málið.“

## Skrifstofa ráðherra

Í málaskrá ráðuneytisins má finna skjal sem unnið er af Guðmundi Örvari Bergþórssyni, lögfræðingi í ráðuneytinu. Heimildir Reykjavík vikublaðs benda til þess að skjalið hafi Guðmundur unnið þann 19. nóvember að beiðni skrifstofu ráðherra. Aðeins Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra, Þórey Vilhjálmisdóttir og Gísli Freyr Valdórsson, auk tveggja embættismanna; ráðuneytisstjóra og öðrum til, höfðu samkvæmt heimildum Reykjavík vikublaðs vitneskju um skjalið áður en fréttir úr því birtust í fjölmiðlum. DV hefur einnig greint frá því að einungis örfáir hafi haft aðgang að skjalinu. Reykjavík vikublað fjallaði ítarlega um rannsókn rekstrarfélags stjórnarráðsins þann 15. febrúar síðast liðinn en þar kom fram gríðarleg óánægja með rannsóknina meðal starfsmanna sem töldu hana tilraun til hvítþvotta, en fæli ekki í sér heiðarlega tilraun til að komast til botns í málinu.

## Rekstrarfélag í hvítþvott

Rannsókn rekstrarfélags stjórnarráðsins virðist aðeins hafa átt að þjóna þeim tilgangi að þvo ráðherra af málinu. Starfsmenn ráðuneytisins voru frá upphafi afar gagnrýnir á þá rannsókn og töldu hana ekki ganga nægjanlega langt, né



Gísli Freyr Valdórsson.



Þórey Vilhjálmisdóttir ásamt Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.



Hanna Birna ræðir við Mikael Torfason í þættinum Mín skoðun.

njóta trúverðugleika. Í þeirri rannsókn munu samkvæmt heimildum Reykjavík vikublaðs netföng hvorki ráðherra né aðstoðarmannana tveggja hafa verið skoðuð. Starfsfólk ráðuneytisins gaf hins vegar heimild til að pósthólf þeirra yrðu rannsökuð. Guðmundur H. Kjærnested, framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar neitaði að tjá sig um málið þegar blaðamaður innti hann svara um hvers vegna ekki hefði verið talin þörf á að rannsaka skrifstofu ráðherra. Málið er nú til rannsóknar hjá lögreglu á forræði ríkissaksóknara.

## Allt gert

Helga Vala Helgadóttir lögmaður bar upp spurningu til ráðherra í þættinum Mín skoðun sem sýndur var á Stöð 2, þann 16. mars síðast liðinn. „Hver lak minnisblaðinu til fjölmiðla?“ Hanna Birna sagðist ekki geta svarað því; „Get

ekki svarað henni. Ég veit það ekki. Þess vegna er málið í ákveðinni rannsókn og ákveðinni athugun, farsælli athugun held ég.“ Hanna Birna bætti við að hún hefði margsinnis harmað lekann. „Ég get ekki útskýrt það. Við höfum í ráðuneytinu skoðað allt sem við getum skoðað til þess að reyna að komast að því; við finnum það ekki. Þess vegna er málið farið í ákveðna athugun hjá ríkissaksóknara sem er farsæl og ég er viss um það að það verður enginn fegnari heldur en ég þegar niðurstaðan fæst í því en ég get ekki útskýrt það. Alveg eins og ég hef sagt mörgum sinnum á þingi, þá get ég ekki útskýrt þetta.“ Ummæli Hönnu Birnu hljóta að verða skoðast í ljósi þeirrar upplýsinga sem þegar hafa komið fram um rannsókn málsins. Erfitt að sættast á útskýringar ráðherra um að ráðuneytið hafi gert allt sem það geti til að komast að lekanum ef rekstrarfélaginu

var ekki heimilað að skoða pósthöfund ráðherra og aðstoðarmanna.

## Aðalritstjóri án minnisblaðs

„Ég er ekki með þetta minnisblað,“ sagði Mikael Torfason, í Minni Skoðun, 16 febrúar. „Ég er ekki með þetta minnisblað,“ endurtók Mikael í þættinum. Ummælin eru merkileg í ljósi þess Mikael er aðalritstjóri 365 miðla, hálfum mánuði áður hafði DV vitnað í ónafngreindan heimildamann innan 365 miðla, Morgunblaðsins og ráðuneytisins. Þá hafði minnisblaðið farið í nokkuð almenna dreifingu enda Mördur Árnason varaþingmaður þegar tilkynnt að hann hefði skjalið undir höndum. Talsvert uppþot varð á ritstjórn Fréttablaðsins og Vísis vegna málsins en þeir blaðamenn sem vitað var að haft hefðu aðgang að skjalinu voru kallaðir til fundar við yfirstjórn, þar á meðal Mikael Torfason aðalritstjóri 365 miðla. Hvers vegna hann nokkru síðar neitar að hafa minnisblaðið undir höndum hefur blaðið ekki fengið skýringu á en ekki náðist í Mikael við vinnslu fréttarinnar.

## Erfitt um vik

Málið er hið vandráðalegasta fyrir 365 miðla en samkvæmt trúnaðarsamtölum við starfsfólk fyrirtækisins var fréttamönnum gert ljóst að erfitt væri að fjalla um málið vegna þeirrar augljósu stöðu að upplýsingarnar sem þjóðfélagið kallaði eftir lægju fyrir inni á ritstjórn. Erfitt væri að fjalla um málið en nauðsynlegt í hófi.

## Eldhúsinnréttingar

Einstök gæði á góðu verði  
og vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði

Innréttingar  
Skrifstofuhúsgögn  
BoConcept

### Þín veröld

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170  
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is

# SAMSTÖÐUFUNDUR 4

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16  
laugardaginn 22. mars

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórn málaflakkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svariinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

[www.pjood.is](http://www.pjood.is)



**JÁ, ÉG VIL  
KJÓSA!**



## HRINGBORÐIÐ



# Almannaréttur, eignaréttur, náttúrupassi

Flestir eru sammála um að bregðast verði við ágangi á náttúruna á vinsælum ferðamannastöðum. Hins vegar eru skiptar skoðanir um leiðir. Gjaldtaka á einstökum stöðum veldur deilum og dómsmálum. Landeigendafélag við Geysi, sem á land að hverasvæðinu ásamt ríkinu, er byrjað að rukka í andstöðu við ríkið. Gjöld hafa þegar verið tekin um skeið á ýmsum stöðum, eins og við Kerid og Landeigendafélag Reykjahlíðar vill byrja að rukka fyrir norðan, meðal annars við Dettifoss. Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála, vill hins vegar taka upp náttúrupassa og ríkisstjórnin hefur hafnað því að virðisaukaskattur verði lagður á gistingu. Eiga landeigendur og/ eða ríkið að geta takmarkað umferð um íslenska náttúru með kröfu um greiðslu? Hvað telur þú skynsamlegast í stöðunni?



Halldóra K. Thoroddsen

## Lögvarin mannréttindi

„Meginhugmyndin að baki náttúrupassans er að sögn iðnaðarráðherra að „þeir greiði sem njóti“. Ég veit ekkert um útfærsluhugmyndir passans en þessi frasi sem á að túlka inntakið, stangast á við hugmyndir mínar um fagurt mannlíf og raunar við allt sem mér er heilagt.

Ég hef fengið að skoða landið mitt ókeypis hingað til. Við þá hugmynd höfum við Íslendingar eins og flestir Evrópubúar alist upp. Þetta finnst okkur sem betur fer sjálfsögð mannréttindi. Í Bretlandi er sérstakur dagur ársins helgaður almannaréttinum. Hefð er fyrir göngu þann dag með klippur og klippt er á girðingar til að minna á réttinn um frjálsa för jafnt á eignarlandi sem á almenningi. Þessi mannréttindi eru lögvarin; almenningi er heimil för um óráktað land án leyfis landeiganda.

Það efast enginn um að halda þurfi við ferðamannastöðum. Eðlilegast væri að sveitafélög sæu um það, þar sem vegagerð sleppir. Til þess þarf að afla fjár og til eru ýmsar leiðir, svo sem einhvers konar auðlindagjald á þá sem byggja afkomu sína á náttúruundrum Íslands, gistináttagjald nú eða nefskattur á flugmiða til landsins. En sú leið að brjóta á mannréttindum getur ekki komið til álita. Geysismálið hefur verið sett fram í fjölmiðlum sem togsteyta milli landeigenda og ríkis um eignarhald. En málið snýst ekki um eignarhald heldur um mannréttindi.“



Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar

## Þarf að stöðva í fæðingu

„Landeigendur eiga ekki að geta takmarkað umferð almennings um íslenska náttúru. En það er alveg ljóst að hópur þeirra berst fyrir því um þessar mundir að geta aukið verðmæti eigna sinna með slíkum takmörkunum. Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna þá sjá landeigendur fram á að afgirt land geti farið að skapa verulegar tekjur. Þá þróun þarf að stöðva strax í fæðingu því að hún gengur þvert á svonefndan almannarétt, þ.e. rétt fólks til frjálsrar farar um óráktað land. En vissulega þarf að styðja fjárhagslega við uppbyggingu vinsælla ferðamannastaða svo að þeir tapi ekki verndargildi sínu, hvort sem staðirnir eru í eigu einkaaðila eða ríkis. En slíkan stuðning ætti að fjármagna með öðrum hætti en náttúrupassa. Náttúrupassaleiðin kallar á óþarflega umfangsmikla stjórnsýslu og aukin útgjöld hins opinbera, bæði við kynningarstarf og eftirlit. Landvernd, Ferðafélag Íslands, Ferðaklúbburinn 4x4 og Útivist hafa lagt til við atvinnuvegaráðherra að farin verði blönduð leið hóflegar komu- og brottfarargjalda og breytinga á gistináttaskatti eða virðisaukaskatti á ferðþjónustu. Sú leið væri einfaldari í framkvæmd en náttúrupassi og myndi auk þess ekki veða að almannaréttinum eða ferðafrelsi almennings.“



Sigrún Björk Cortes, kennari og mastersnemi

## Gengur ekki að plokka

„Ég hef alist upp við það að Ísland sé landið mitt og ég get þar ferðast um og skoðað magnaða náttúru í misjafnlega hentugu veðri án þess að þurfa að bera



annan kostnað af en eðlilegan ferðakostnað. Ég er meira en til í að borga fyrir að halda landinu mínu fallegu (geri ég það samt ekki nú þegar?) en ég vil ekki kaupa miða af kraftgallaklæddu fólki með Gullfoss eða Dimmuborgir í bakgrunni. Að keyra um landið sitt í venjulega fólksbílnum sínum eða með rútu og stíga svo út og þurfa að borga fyrir að vera þar sem maður er og sjá það sem mann langar að sjá í sínu eigin landi ... ekki smart. Hvað erlenda ferðamenn varðar og álag á náttúruþerlur vegna þeirrar aukningar sem orðið hefur af þeirra völdum þá er held ég eðlilegast að leggja á einhvern ferðaskatt sem er ekki innheimtur með því að plokka af þessum gestum okkar peninga hér og þar. En með hvaða hætti það ætti að gerast er úrlausnarefni fyrir skattasérfræðinga en ekki bara fólki út í bæ eins og mig og þig.“



Gylfi Björn Helgason, fornleiffræðinemi

## Náttúran sameign

„Ég get með engu móti séð að gjaldtaka á það sem við skilgreinum sem náttúruþerlur í dag geti með nokkru móti haft hindrandi áhrif á fólksuferð til lengri tíma litið. Þvert á móti tel ég að slíkt leiði til að mannfólk geti heimsótt staðina í framtíðinni. Þ.a.l. væri gjaldtaka – í hvaða formi sem er – jákvæð fyrir náttúruna. Því er fýsilegt að einhvers konar gjald verði innheimt. Gjaldtaka sem eingöngu er á ferðamann er varhugaverð og virkar á mann sem sérstakur skattur á erlent fólk. Vert er að spurja, ef það er svona mikill uppgangur í ferðþjónustunni og vöxtur ferðamanna hefur rokið upp í áður óþekktar hæðir. Hvar er peningurinn sem þeir koma með? Ekki er ferðþjónustan að keyra ferðamann af góðmennsku sinni einni saman? Ættu hún ekki að hafa hagsmuna að gæta í þessu máli og vilja geta þjónustað ferðamann í framtíðinni? Hins vegar tel ég, burtséð frá að því virðist vera skammtímasjónarmið ferðþjónustunnar, að náttúran sé sameign Íslendinga. Því hljóti okkar sameiginlegi skattstofn að hlaupa undir bagga í þessu máli.“

Reykjavík – vikublað hefur fengið stóran hóp valinkunnra kvenna og karla til að spá í málefni líðandi stundar með lesendum. Þátttakendur í Hringborðinu eru eingöngu fulltrúar eigin sannfæringar en ekki hagsmunaaðila, fyrirtækja, stjórnmálaflokka, íþróttafélaga eða annarra samtaka og stofnana.



Katla Kjartansdóttir, þjóðfræðingur

## Ferðafrelsi og stjórnarskrá

„Ég tel ekki rétt að af landeigendum að hefja gjaldtöku á einstökum stöðum á meðan hér ríkir veruleg óvissa og ágreiningur um lögmæti slíkrar innheimtu. Eins og bent hefur verið á er einfaldlega ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá að heimta gjald fyrir það eitt að njóta íslenskrar náttúru. Fyrir liggur samt sem áður verulegur vandi og kostnaður sem tengist nauðsynlegri uppbyggingu og verndun staða þar sem ágangur ferðamanna er mikill. Ríki, landeigendur og fleiri ferðþjónustu aðilar/samtök þurfa í sameiningu að finna skynsamlega lausn á þessum sameiginlega vanda. Ég tel ekki ólíklegt að flestir þeir ferðamenn sem hingað koma séu tilbúnir að leggja sitt af mörkum til náttúruverndar en tryggja þarf að slík gjaldtaka sé með lögmætum hætti og jafnframt fullvíst að fjármagnið sé þá nýtt með óyggjandi hætti til uppbyggingar og verndar þar sem þörf er á. Í þessum sambandi má einnig minna á ríkan rétt almennings til ferðafrelsis samkvæmt núgildandi náttúruvörðugum án beinnar gjaldtöku. Ég tel þó ekki fráleitt að láta reyna á hugmynd Ragnheiðar Elínar, ráðherra ferðamála, um náttúrupassa í einhvern tíma og sjá hvernig til tekst. Ásókn ferðamanna mun koma til með að aukast stórkostlega á komandi árum og því er mikilvægt að bregðast við með skynsamlegum hætti áður en í óefni er komið og óafturkræf náttúruspjöll verða hér unnin.“



Eiríkur Sturla Ólafsson, háskólakennari í Peking

## Prósenta á flugmiðann

„Tja, stórt er spurt. Mér hefur fundist vanta algerlega allan samtakamátt í þetta mál. Einn gerir eitt og hinn gerir annað. Og svo þvarga menn í stað þess að setjast niður og fara vandlega yfir hvað skal gera. Því eitthvað þarf að gera, enda er umgengni við Geysi svo dæmi sé tekið alveg skelfileg. Mér brá þegar ég var þar síðast og sá hverji fulla af mynt sem misvittrir ferðamenn höfðu hent í þá, eins og þetta væri einhver rómverskur gosbrunnur.

Sjálfum þætti mér rétt að leggja einhverja prósentu á keypta flugmiða til Íslands og nota andvirðið í náttúruvernd. Mér væri sama þótt ég þyrfti að borga slíka prósentu. Í hvað tímum við að eyða ef ekki í náttúru Íslands? Frekar vil ég það en að kveikja reglulega í skattfé til að byggja upp stóriðju sem gengur mest út á að tortíma náttúrunni til lengri og skemmri tíma litið. Og það ætti að vera sjálfsagt að rukka virðisauka af gistingu. Menn gætu haft aðra prósentu á henni en hina almennu ef menn næðu saman um það. Eða það finnst mér allavegana. Eitt er víst að ef einhverjar aðgerðir eiga að fara fram, þarf samtakamátt. Ekki þessa séríslensku leið, þar sem hver húkir í sínu horni og bruggar sín húsráð. Til einkanota ... nema hvað.“





# 1 SYSTEMS One


## 1 SYSTEMS OneQuality

## Gæðakerfi - gæðahandbók

einfalt vinnferli við útgáfu  
gæðahandbóka og skjala

- » Vefkerfi sem auðveldar allt aðgengi að handbókum og gæðaskjölum, hvort sem er á innri- eða ytri vef fyrirtækja og stofnana.
- » Hentar fyrir allar gerðir handbóka svo sem stjórnunar-, rekstrar-, skipulags-, starfsmanna-, notenda-, gæða-, umhverfis-, neyðar- og öryggishandbóka.
- » Auðveldar gerð og útgáfu gæðaskjala.
- » Getur sent skjöl í rýni til gæðatengla eða annara til samþykktar eða yfirlesturs.

### 1 SYSTEMS OneRecords



OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitar- félögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma. Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitar- félögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



### MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



## One býður hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

# 1 SYSTEMS One

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



MENNINGIN

# Fjölþjóðlegur leikhópur í Gerðubergi

Söguhringur kvenna var stofnaður árið 2008 en hann er samstarfsverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Markmið starfsins er meðal annars að nota listræna sköpun til að stuðla að félagslegum tengslum milli kvenna, að styrkja erlendar konur til að tjá sig um ýmis málefni á íslensku í afslöppuðu umhverfi og styrkja virðingu fyrir mismunandi menningarheimum. Hópurinn er opinn bæði íslenskum og erlendum konum sem langar að deila menningarlegum bakgrunni sínum með öðrum. Hópurinn hittist fyrsta sunnudag í mánuði í aðal-safni Borgarbókasafnsins þar sem unnið er með sögur, myndlist og fleiri listform til að kynnast hverri annarri og þjóðum þeirra.



Aude Busson



Gulmira Kanakova

## Tungumál ekki nauðsynlegt í leiklist

Frá jólum hefur verið brugðið út af vananum og hafa konurnar verið á leiklistarnámskeiði í Gerðubergi tvisvar í mánuði.

Kennarar eru þær Aude Busson og Helga Arnalds sem báðar eru sviðslistakonur sem heillast frekar að leikhúsi sem er myndrænt en því sem byggist á texta.

En er tungumál þá ekki nauðsynlegt í leiklist? „Leiklist er einhvers konar tungumál eins og dans, myndlist og tónlist. Við erum að skoða hvernig



Aude Busson segir að konurnar í hópunum séu af tíu ólíkum þjóðernum.

við getum tjáð okkur með myndmáli á sviðinu og líkamstjáningu frekar en töluðum orðum. Við erum eiginlega að uppgötva í sameiningu okkar eigið sameiginlega tungumál í gegnum leikinn og túlkunina,” segir Aude.

Námskeiðið er kennt bæði á ensku og íslensku en Aude telur að um tíu tungumál séu töluð innan hópsins.

## Markmiðin persónuleg

Aðspurð um hvert sé markmið námskeiðsins segir Aude að hver og ein kona hafi sitt persónulega markmið, á námskeiðinu læri þátttakendur ýmsar leiklistaræfingar til að þróa leiðir til að tjá sig með tungumáli, líkamanum eða með hlutum, en yfirskriftin er „Hlustað á efnið“. Skoðað sé hvernig búa má til merkingu og hvaða verkfæri sé hægt að nota til þess.

## Leikur „eðlilega“ fólksins

Gulmira Kanakova frá Úkraínu kom fyrst til Íslands árið 2011 sem Au-Pair. Þá kynntist hún eiginmanni sínum og hefur búið hér síðan. Gulmira segist hafa gaman af því að prófa mismunandi hluti, það sé góður vettvangur til að kynnast fólki og eignast vini en ekki síður til að fara út fyrir rammann og gera eitthvað sem hún hafi ekki gert áður. Á námskeiðinu hafi hún yfirstigið ákveðinn sviðsskrek, áður hafi henni fundist erfitt að koma fram fyrir margmenni og hún ekki verið viss um að hún væri tilbúin í svona námskeið. „En eftir nokkur skipti hafði námskeiðið hjálpað mér að opna mig, aukið sjálfs-traust mitt og hjálpað mér að skilgreina hver ég er. Það er líka mjög gaman að losna við stress hversdagsins. Við erum von að vera í leik „eðlilega“ fólksins, alltaf að haga okkur á réttan hátt og halda tilfinningunum innra með okkur en þarna getum við verið hver sem er, við leikum börn, gerum allskonar „brjáláða“ hluti sem þarf ekki að útskýra og enginn dæmir okkur.“

## Kemur í veg fyrir félagslega einangrun

Gulmira bætir við að á námskeiðinu séu meðal annars gerðar bæði þöglar og munnlegar æfingar í ræðu og söng og æfingar sem hjálpar þeim að vinna sem hópur, hlusta á hverja aðra, æfingar sem hvetja til einbeitni og sköpunargleði. „Að mínu mati er allt svona félagsstarf, eins og leiklistarnámskeið góð leið til að eignast vini sem aftur bæta líf okkar, veita öryggi og gleði, félagsskap, og kemur í veg fyrir einmanaleika og einangrun.“ Hún segir þó tungumálið vera lykilinn að samskiptum, fólk geti tjáð sig þökk sé tungumálum.

Hildur Björgvinsdóttir



## Ekki missa af ...

...„Gamalt vínill á nýjum belgjum“, Þuríður Sigurðardóttir og Moses Hightower í Salnum. Tvær kynslóðir mætast og draga fram gamla kunnna tóna. Saman munu þau rifja upp takta og tóna sem ómuðu á dansleikjum í Lídó, á Röðli og Hótel Sögu og munu eflaust verða áheyrendum í dag bæði kærkomin upp-rifjun og óvænt ánægja. Sérstakur gestur verður stórsöngvarinn: Óskar Pétursson.

Tónleikarnir verða haldnir 22.mars kl.20 í Salnum í Kópavogi og kostar miðinn 4.500 kr.

## ...Graduale Nobili syngja karlakórslög.

Sunnudaginn 23.mars mun kvennakórinn syngja mörg þektustu karlakórslög landsins, meðal annars „Brennið þið vitar“ og „Hraustir menn“. Ætlunin er að „blása þakið af kirkjunni“ en dómurnar hafa einsett sér að vera fallegum karlakórum til sóma. Graduale Nobili er þátttakandi í mottumars.

Tónleikarnir fara fram í Langholtskirkju og hefjast kl.20. Miðaverð 2.000/1.500.

## ...Alþjóðlegri barnakvikmyndahátíð í Bíó Paradís.

Á hátíðinni sem stendur yfir dagana 20.-30.mars verður börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra boðið upp á sannkallaða kvikmyndaveislu þar sem sýndar verða myndir sem hlotið hafa viðurkenningar um allan heim. Boðið verður upp á endurgjaldslausar sýningar á skólatíma fyrir grunnskóla- og leikskólabörn.

## ...Nemendaóperunni „Mærþöll“.

Dagana 27.-29.mars munu söngnemendur Tónlistarskólans í Reykjavík setja upp óperuna Mærþöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur í Iðno. Óperan er sannkallað



Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir í hlutverki Mærþöllar og Gunnlaugur Bjarnason í hlutverki Péturs prins.

ævintýri með álfkonum, hertogafrú, prins og hertogadótturinni Mærþöll. Ópera fyrir alla fjölskylduna. Sýningarnar hefjast kl.20 og er miðaverð 2.000. Miðasala á midi.is og við innganginn.

*Slökun með slökun*

*“A cheerful mind has always been a perfect guide to a healthy body.”*  
Sri Chinmoy

**Einkenni magnesíumskorts**

Lítill orka	Kölkun líffæra
Þróttleysi	Óreglulegur hjarssláttur
Veik bein	Kvíði
Hormóna ójafnvægi	Streita
Svefntruflanir	Píringur
Vöðvakrampar, kippir og spennar	

**Mamma Veit Best**  
HREIN HEILSA

Útsöluastaðir:  
Allar heilsubúðir  
Öll Apótek  
Blómaval Skútuvogji  
Afreksvörur Glæsibæ



## MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatgur.is



Svavar Halldórsson

# Besti kokkur á Norðurlöndum

Matreiðslumenn víða um lönd keppa iðulega með sér og þykja slíkar keppnir gjarnan skemmtilegir viðburðir. Íslendingar hafa náð frábærum árangri í alþjóðlegum matreiðslukeppnum undanfarin ár, meðal annars í hinni annáluðu Bocuse d'Or, heimsmeistaramótinu og ólympíuleikunum. Einn þeirra sem þar hafa haldið uppi merkjum lands og þjóðar er Viktor Örn Andrússon á Bláa Lóninu, liðsstjóri íslenska kokkalandslíðsins, Matreiðslumaður ársins 2013 og nýbakaður Matreiðslumaður Norðurlanda 2014. Þeim titli landaði hann í keppni í Herning í Danmörku núna í vikunni.

## Fremstur meðal jafningja

Sigur-forréttinn eldaði Viktor Örn úr humri og þorski, í aðalréttinn notaði hann nautahrygg og nautakinn en lífrænt dökkt súkkulaði og marsipan í eftirréttinn. Hann bar sigurorð af níu starfsbræðrum sínum í keppninni og mótherjarnir voru engir aukvisar, heldur bestu matreiðslumenn Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands. Samanlagt eru 36 veitingastaðir í þessum fjórum löndum sem státa af Michelin stjörnu, einni eða fleirum. Fimm manna dómnefnd taldi Viktor Örn bera af þegar tekið var tillit til bragðgæða, útlits og almennra gæða eldamenskunnar.

## Lærði af þeim bestu

Segja má að Viktor Örn hafi verið meira og minna inni í eldhúsinu frá því hann var unglíngur. Hann nam matargerðarlist á Hótel sögu við fótiskör nokkurra af færustu kokkum landsins. Svo lá leiðin til Frakklands, Domaine

de Clairefontaine, fjölskyldurekið sveitahótel suður af Lyon. Veitingastaður hótelsins er skreyttur stjörnu frá Michelin. „Þarna lærði ég afskaplega mikið, ekki síst varðandi umgengi við hráefni og vinnubrögð,“ segir Viktor Örn. Þetta, tíminn með landsliðinu, ásamt styttri vinnudvöl í Bandaríkjunum og París hefur aukið Viktori Erni matarvísýni. „Það er auðvitað ómetanlegt að vera undir handleiðslu og í nálægð við færustu matreiðslumenn í heimi og læra hvernig þeir vinna og hugsa,“ segir hann við Reykjavík vikublað.

## Ungur yfirkokkur

Eftir dvölinu ytra lá leiðin yfir í allt annars konar matargerð á Domo í Reykjavík og Viktor Örn var orðinn yfirkokkur á staðnum áður en hann vissi af. Nokkur sumur í röð vatt hann svo kvæði sínu í kross og var matreiðslumaður í veiðihúsi við Þverá. Þar vann hann einn og umhverfið allt öðruvísi –



„Ég vil auðvitað nota íslenskt hráefni eins og hægt er,“ segir Viktor Örn Andrússon, kokkur í Bláa lóninu og matreiðslumaður Norðurlanda 2014.

í öllum skilningi. „Það var lærdómsríkt og á sinni hátt mannbætandi,“ segir Viktor Örn, enda „gott að komast í sveitina og vera einn með sjálfum sér“. Hæfileikar hins unga matreiðslumanns fóru ekki framhá öðrum í greininni og haustið 2010 var hann ráðinn til Bláa lónsins.


## Íslenskur matur

Þótt Viktor Örn sé viðkunnanlegur, glaðlegur og svo afslappaður að hann virkar nánast kærulaus, kviknar eldur í augum hans þegar talið berst að ís-

lenskum mat. Ástríðan leynir sér ekki. „Ég vil auðvitað nota íslenskt hráefni eins og hægt er og leggja mig eftir því að læra á hráefnið hér úr nágrenninu.“ Hvort sem talið berst að bláskel eða fiski úr Grindavík eys hann úr visku-brunni sínum. „Það er einfaldleikinn sem mér finnst bestur. Ég held að minn still sé að búa til einfaldan og góðan mat.“

## Björt framtíð

Nýkrýndur Matreiðslumaður Norðurlanda 2014 hefur trú á íslenska hráefni-



inu og íslenskum matreiðslumönnum. „Við erum að ná frábærum árangri í alþjóðlegum keppnum og ég held að Íslendingur hafi verið í einhverju af tíu efstu sætum á Bocuse d'Or í ansi mörg ár í röð.“ Með því að taka alþjóðlegum stefnum og straumum í matargerðarlistinni opnum örmum, senda kokka og nema í þjálfun á bestu veitingastöðum heims og nota hið magnaða íslenska hráefni sé framtíðin björt fyrir íslenska matargerðarlist.

## TILBOÐSDAGAR Í MOTTUMARS

30% afsláttur út Motturmars á tvöföldu einangrunargleri.  
Glerborg greiðir síðan 2% af kaupverðinu inn á Mottumars.

Verðdæmi á einum fermeter af okkar algengustu glertýpu:

4/16/4 Climaplust gler

Fullt verð 17.973,-

Verð með afslætti 12.581,-

Fylgstu með Glerborg á [www.mottumars.is](http://www.mottumars.is)



Um mánaðarmótin flytur Glerborg í nýtt og glæsilegt húsnæði í Mörkinni 4, Reykjavík.

# GLERBORG

Gler, gluggar, glerslípun & speglagerð frá 1922

Dalshraun 13 | 220 Hafnarfjörður | Sími: 565 0000 | [glorg@glorg.is](mailto:glorg@glorg.is)



# HELGARTILBOÐ



**Verð nú kr. 380.900**  
Fullt verð 575.806 kr

**Havana leður hornsófi 2H2**



**Verð nú kr. 390.900**  
Fullt verð 594.873

**Basel leðursett 3+1+1**



**Verð nú kr. 99.900**  
Fullt verð 251.400

**Rín Lux Tungusófi**



**Verð nú kr. 19.900**  
Fullt verð 59.900



**Verð nú kr. 19.900**  
Fullt verð 47.900

Opið virka daga kl. 10-18  
laugard. 11-16

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



## FJÖLMIÐLAR

Ingimar Karl Helgason



# Fréttamat í ýmsum myndum

Það var sannarlega frétt að Seðlabankinn hefði greitt málskostnað Más Guðmundssonar Seðlabankastjóra, sem deildi við bankann og raunar Kjararáð um laun, fyrir nokkrum árum. Morgunblaðið greindi fyrst frá málinu á forsíðu 7. mars síðast liðinn. Síðan hefur prentuð útgáfa Morgunblaðsins komið út tólf sinnum. Af þessum tólf tölublöðum hefur mál Más og Seðlabankans verið á forsíðu í ein 7 skipti, meira en helmingi tölublaða. Þá er ótalin mikil umfjöllun blaðsins á innsíðum.



Það vekur eiginlega meiri athygli hversu mikla áherslu Morgunblaðið leggur á þetta mál, heldur en málið sjálft. Sannarlega eru í þessu fréttir, en spyrja má, í öllu sem gengið hefur á í samfélaginu undanfarið, svosem markrildleilu, kröfu um viðræðuslit við Evrópusambandið, verkfall framhaldsskólakennara, Krímskaga og flugvélahvarf og áfram mætti telja, hvort það teljist eðlilegt fréttamat að mál Más Guðmundssonar sé á forsíðu nær linnulaust í tvær vikur. Svárið er nei.



Nefna má til samanburðar að Morgunblaðið hefur lítið ef nokkuð fjallað um lekamálið í innanríkisráðuneytinu, enda þótt nokkrar fréttir megi finna í vefútgáfu blaðsins, mbl.is. Þar er sannarlega á ferð stórmál sem varðar hagsmuni almennings, en ritstjórar telja ekki eiga erindi á forsíðu hinnar prentuðu útgáfu.

Ekki er hægt að fjalla um fjölmiðla í þessari viku án þess að minnst á Ríkisútvarpið. Þaðan bærust mestu fréttir sem segja má af fjölmiðlum þessa vikuna, en gervöll framkvæmdastjórn stofnunarinnar var rekin.

Fleiri nýleg dæmi eru um að fjölmiðlar hafi farið fram með viðlíka kappi umfram forsjá. Þannig varð Hildur Lilliendahl mikið til umfjöllunar eftir Kastljósþátt, þar sem fram kom að hún hefði fyrir all nokkrum árum viðhaft söðalega orðræðu á internetinu og fólk tekið það mjög nærri sér. Það er fréttamæt. En hvað ræður fréttamatinu þegar fréttir af einu máli eru komnar á annan tuginn á einum miðli á innan við sólarhring?

Í mikilli holskeflu uppsagna hjá Ríkisútvarpinu fyrir áramót var fólk skipað út úr húsi samdægurs og tölvuþósti þess lokað. Þetta var ekki tilfellið með framkvæmdastjórnina. Er þó framkvæmdastjórnin líklega sá hópur starfsmanna sem býr yfir þess háttar upplýsingum sem helst gætu réttlætt slíka meðferð við uppsögn úr starfi. Er þetta spurning um Jón og séra Jón eða vísbending um nýja stjórnarhætti hjá þessari mikilvægu stofnun?

Á vefsíðunni Vísi, sem er næst mest lesni fjölmiðill landsins voru birtar 13 fréttir um mál Hildar sólarhringinn eftir að Kastljósþátturinn var sendur út. Aðrir miðlar birtu einnig fjölda fréttar, en áberandi flestar fréttir birtust á Vísi. Fréttir af Hildi Lilliendahl og baráttu hennar hafa gjarnan vakið mikla athygli. Fréttir með nafni hennar í fyrirsögn hafa fljótt farið í mikla dreifingu á samfélagsmiðlum og framkallað mikinn lestur. Því er eðlilegt að spurt sé hvort ásókn í smelli hafi ráðið för hjá Vísi eða eitt-hvað annað.

Skipuriti Ríkisútvarpsins verður breytt, sviðum fækkað og virðist því ljóst að ráðið verður í færri stöður en nú losna. Enn fremur segist nýr útvarpsstjóri ætla að laga kynjahlutföllin í framkvæmdastjórninni, en af tíu í framkvæmdastjórninni voru tvær konur. Enda þótt þeir sem reknir voru séu hvattir til að sækja um að nýju, er ljóst að ekki munu allir komast að, þótt þeir vilji.

Óðinn Jónsson fréttastjóri var í hópi þeirra sem sagt var upp. Það var áhugavert að heyra hann lesa innangang að fréttinni um eigin uppsögn í hádegisfréttum á þriðjudag. Í hans eigin fréttareglum segir: „Fréttamenn skulu forðast að fjalla um mál, sem þeir eru tengdir á einhvern hátt [...]. Séu fréttamenn í vafa varðandi þessi atriði skulu þeir hafa samráð við fréttastjóra.“ Menn verða varla tengdari fréttum en þetta. Enda þótt þetta sé í sjálfu sér ekki stórmál, má spyrja hvers vegna – þó ekki væri nema formsins vegna – ekki var hægt að fara eftir fréttareglunum þetta hádegis.



Kenningar eru um það úti í samfélaginu að Sjálfstæðisflokkurinn hafi fengið útvarpsstjórnann og framsókn fái fréttastjórnann. Stjórn Ríkisútvarpsins verður að ráðast af faglegum þáttum; menntun, hæfni og reynslu þeirra sem störfunum gegna. Það má ekki gerast að fólk verði ráðið á grundvelli flokks-hagsmuna eða með annars konar vafasömum hætti. Við höfum nýlegt dæmi um að núverandi valdhöfum finnst lítið mál að skáka ráðuneytisstjórn til til að koma þóknarlegu fólk að. Þá hefur verið í gangi áróðursstríð sem gæti á endanum skilað sér í nýjum og flokkspólitískum seðlabankastjóra. Það má ekki gerast á Ríkisútvarpinu. Spor núverandi ríkisstjórnarflokka hræða samt sem áður.



## Hífi- og festingabúnaður

Starfsstöðvar Ísfells og Ísfells:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísnet / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is





# MEIKAR ÞÚ HITANN?



Sjóðheitur  
réttur á aðeins

**899**  
kr.

CAJUN  
BOXMASTER  
ER **HOT,**  
**HEITUR,**  
**HEITASTUR!**

CAJUN  
BOXMASTER



svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM  
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ  
REYKJANESBÆ • SELFOSSI [WWW.KFC.IS](http://WWW.KFC.IS)

PRATIYMA - 58 - 10027



## VIÐTAL

Það eina sem veldur hraðari breytingum eru loftsteinar:

# Höfin súrna hratt

Við bruna jarðefnaeldsneytis losnar koltvísýringur. Koltvísýringurinn hefur áhrif á veðurfar og veldur síhlýnandi loftslagi. En hafið tekur líka til sín 24 milljón tonn af koltvísýringi á degi hverjum, sem gera um það bil 4 kg fyrir hverja manneskju. Þessi koltvísýringur hefur mikil áhrif á efnasamsetningu hafsins. Reykjavík vikublað fór í Öskju, hús Jarðvísindastofnunar Háskólans, og tók haffræðinginn Jón Ólafsson tali.

„Á Hafrannsóknastofnun höfum við mælt koldíoxíð ársfjórðungslega í sjónum við Ísland síðan 1983,“ segir Jón. „Það er ekki hægt að þrasa um fylgni á milli koltvísýrings í sjó og súrnurnar, það er sjaldan sem það sést svona sterk fylgni í rannsóknum. Og hafið er 30% súrara en það var við upphaf iðnvæðingar. Við erum að valda breytingum á efnajafnvægjum hafanna ótrúlega hratt. Útrýmingartímabil eru þekkt í jarðsögunni, en við erum í breytingu sem er mun hraðari en á þekktum útrýmingartímabilum. Það eina sem veldur hraðari breytingum eru loftsteinar.“

## Áhrifin eru meiri og örari í köldum sjó

- Hvaða máli skiptir súrustigi sjávar?

„Samkvæmt mælingum og reikniliíkönunum verða breytingar allsstaðar í heimshöfum en þær verða örari og meiri á kaldsjávarsvæðum, nyrst og syðst. Það er vegna þess að kaldur sjór tekur meira af koltvísýringi til sín en hlýr sjór. Breytingarnar hafa líklegast mest áhrif á kalkmyndandi lífverur, sem eru margar og mikilvægar í vistkerfum og fæða annarra tegunda. Kalkið leysist hraðar upp í köldum sjó og hraðar upp við mikinn þrýsting, þ.e. dýpi, og við breytt súrustigi eru vaxandi líkur á því að kalkið leysist upp eða lífveran geti ekki myndað kalk á kritískum lífstigum. Kórallar eru til dæmis mjög viðkvæmir, bæði hlý- og kaldsjávarkórallar. Það virðist vera mjög stutt í að niðurbrot kóralla verði hraðara en vöxtur þeirra.“



Sjófiðrildi er tegund sem er sérlega viðkvæm fyrir breyttu súrustigi sjávar.

## Ekki hægt að bregðast efnafræðilega við úti í náttúrunni

Jón er hikandi við að segja til um hvaða áhrif súrnun sjávar hefur á þá fiskistofna sem Íslendinga veiða.

„Það er svo margt að breytast í hafinu, það hlýnar, sjógerðir breytast og þetta eru margir samverkandi þættir. Hlutirnir eru oft settir fram á mjög dramatískan hátt, maður hefur til dæmis heyrt að það verði ekkert eftir nema marglyttur, en það er ekki þannig og það er slæmt að setja hlutina fram á ósannfærandi hátt. En einn raunveruleiki sem blasir við og ég hef sagt frá er á Kyrrahafsströnd Bandaríkjaanna. Þar hafa orðið uppskerubrestir í ostruræktun því ostrulífurnar gátu einfaldlega ekki myndað kalkskel vegna þess að sjórinn var orðinn of súr. Og þetta var mjög harðger tegund. Þessu var hægt að bregðast við með því að fylgjast með sjónum sem var dælt inn og svo er líka hægt að meðhöndla

sjóinn efnafræðilega. En það er ekki hægt að bregðast efnafræðilega við úti í náttúrunni og það er lítið vitað hverjar samtímaafleiðingar verða þar.

Við erum að horfa upp á hlýsjávarsvæði þar sem eru kóralltrif og milljónir manna lifa af þeim. Þar verða breytingar og ef kórallarnir hverfa þá verður eitthvað annað ríkjandi, til dæmis botngróður.“

En varðandi Ísland, þá erum við að nýta kalkmyndandi lífverur, það er til dæmis verið að reyna að rækta krækling og það er kalkþörungaverksmiðja við Arnarfjörð í Bildudal, sú tegund þörungur er viðkvæm gagnvart súrnun.“

## Ætti Líú að hafa áhyggjur?

„Ég held að Líú ætti að fylgjast vel með því hvað er að gerast, ekki bara í súrnun heldur almennt í umhverfismálum við landið. Það er mjög mikilvægt að fylgjast með ástandi sjávar, hita, seltu, súrnun o.s.frv. Það eru mörg dæmi um það hvernig umhverfið hefur áhrif á fiskistofna, t.d. norðurlandssildin sem hvarf á hafísárunum. En það er niðurskurður, það er verið að draga úr rannsóknum, og þá er alltaf hætt við því að niðurskurður bitni á svona verkefnum. Rannsóknir þyrfti að efla frekar en hitt.“

## Umhverfismál passa illa inn í kjörtímabil

- Hvenær förum við að finna fyrir breytingunum?

„Það er erfitt að segja. Hraði breytinga skiptir mjög miklu máli, til dæmis svo lífverur geti brugðist við.“

Hildur Knútsdóttir



Jón Ólafsson

Menn nota líkön til að spá fyrir um breytingar, en líkönin eru ófullkomin og margt gerist í náttúrunni sem er ekki hægt að setja inn í líkönin. Og flestar breytingar gerast hraðar en líkön spáðu fyrir áratug. Það eru margar breytingar í aðsigi, ekki síst í veðrakerfum. Þetta eru breytingar sem er ekki hægt að snúa við en það er hægt að hægja á þeim, sé vilji fyrir því, þannig að þær fari ekki yfir einhver mörk. Við vitum svo lítið um hverjir eru kritískir tímar í lífsferlum, hver er til dæmis kritíski tíminn í lífi skeljar sem verður mörg hundruð ára gömul? Við getum ekki leyft okkur að horfa bara til næstu aldamóta og láta næstu kynslóðir um vandann. En spurning á borð við „Gerist þetta á mínu kjörtímabili?“ verður að víkja. Umhverfismál passa ekki inn í þannig hugsunarhátt.“



Íslensk skip á leið til veiða. Jón Ólafsson hvetur til þess að rannsóknir á sjónum verði eflar.

Mynd: Líú

## Adam Levine notar Proactiv® Solution

### Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin Apótek og heilsubudín selja Proactiv® Solution  
 AKUREYRARAPÓTEK, Kaupangi - LYFJAVER, Suðurlandsbraut 22  
 BORGARAPÓTEK, Borgartúni 28 - GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108  
 URÐARAPÓTEK, Grafarholti - ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115  
 APÓTEK GARDABÆJAR, Littlatúni 3 - REYKJAVÍKURAPÓTEK,  
 Seljavegi 2, APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11  
 Heilsulubirgðir, Konkord ehf. S. 568 9999, heilsubudin@heilsubudin.is



**Heilsubudin.is**  
 - bætt útlit, betri líðan

# GÆÐI ÞEKKING ÞJÓNUSTA

EFNALAUGIN  
**BJÖRG**  
 EFNALAUG ÞVOTTAHÚS

1953

60 ára

2013



# KARLAKÓRINN HEIMIR & KRISTINN SIGMUNDSSON



## Tónleikar í Miðgarði laugardaginn 3. maí kl. 20.30

Forsala aðgöngumiða hefst  
fimmtudaginn 20. mars

í Blóma- og gjafabúðinni, Sauðárkróki  
og í KS Varmahlíð

## Tónleikar í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 4. maí kl. 16.00

Miðasala á harpa.is,  
midi.is eða í síma 528 5050

[www.heimir.is](http://www.heimir.is)



NYPRENT ehf.



 SPARISJÓÐURINN  
Skagafirði


FLUGFÉLAG ÍSLANDS 

 Menningarráð  
Norðurlands vestra





## BAKSÍÐAN



Hrunn Snorradóttir

## Ég er með barn í maganum

Ég er með barn í maganum. Það gerir mig að einhvers konar sameign í samfélaginu. Það hefur oft verið skrifað um þetta efni og ég er svo sem ekki að flytja neinar nýjar fréttir en ég þarf samt pínulítið að tjá mig um þetta mál. Fyrir utan hinar margumræddu athugasemdir „ósköp ertu nett“ og/eða „úff hvernig verður-uru eiginlega fullgengin?“ sem okkur er alveg stundum boðið upp á jafnvel sama daginn, þá er alls konar annað sem manni er líka boðið upp á. Hver er pabbinn? Eruð þið saman? Afhverju eru þið ekki saman? Já ok er það svoliðis? Er hann skíthæll? Nú? Ekki? Ha? Hvernig virkar það? Vinir? Ertu skotin í honum? Ertu ekki skotin í honum? Afhverju ekki? Ætlið þið ekki að búa saman? Eða reyna að vera saman?

Víðsýnasta og skilningsríkasta fólk horfir á mig tómu augnaráði þegar ég í meðvirkniskasti reyni að útskýra mín persónulegustu mál fyrir því... í Bónus. Á meðan ég ber persónulega reynslu og upplifun utan á mér í 9 mánuði virðist fólki finnast það fullkomlega eðlilegt að spyrja mig um allt frá heilbrigðum hægðum og upp í mjög persónuleg tilfinningamál. Aldrei hvarflar það að mér að spyrja á móti „Afhverju viltu vita þetta? Hvað ætlarðu að gera við þessar upplýsingar?“ Ég spyr ekki á móti af því að það gæti verið svo ægilega óþægilegt fyrir hinn aðilann... Ein af fáum manneskjum í lífi mínu sem ég hefði glöð svarað öllum spurningum spurði einiskis þegar ég sagði honum að ég ætti von á barni. Hann afi minn leit á mig þögull um stund og bauð mér svo annan snúð.

## REYKJAVÍK

Alla laugardaga

**Gluggaflimur**  
544  
2030  
MERKISMENN  
www.merkismenn.is

**Sand & sólarfilma**

# Njóttu glæsilegrar hönnunar og framúrskarandi myndgæða

SAMSUNG SJÓNVÖRPIN ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI OG MARGVERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN




UE55F8000ST

8005 LÍNAN  
LED SMART TV



Glæsilegt  
verðlaunataeki

Nújasti 1000 riða (CMR) Samsung skjárin er í öllum 8000 tækjunum.  
Stærðir: 40"/46"/55"/65"/75"

7005 LÍNAN  
LED SMART TV

Frábær myndvinnsla í afburða 800 riða (CMR) skjá.  
Stærðir: 46"/55"/60"



UE55F7005ST

HLJÓMTÆKI

HW-F751





Hágæða heimabíóstæða - "Soundbar" við sjónvarp - einnig hljómtæki með afspilun frá USB og snjallsíma. Frábær hljómgæði. Stútfull af hátækni. Til í mörgum stærðum.

Samsung  
**SMART TV**  
The Future of Smart TV, Now

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18  
OG LAUGARDAGA FRÁ 12-16



# SETRID

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is